

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2018, fimmtudaginn 8. mars, var haldinn 163. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Neskirkju og hófst kl. 19.10 Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Marta Guðjónsdóttir, Börkur Gunnarsson, Eldar Ástþórsson og Raket Dögg Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi. Einnig sat fundinn Hörður Heiðar Guðbjörnsson, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer umræða um viðburði á sumardaginn fyrsta. Hverfiráð samþykkir að styrkja félagasamtök í hverfinu til að standa fyrir dagskrá á sumardaginn fyrsta. Auglýst verður eftir samstarfsaðilum á komandi dögum.
2. Fram fara umræður um styrki hverfisráðs. Samþykkt að verja 204.000 kr. til að styrkja viðburði á sumardaginn fyrsta sbr. liðinn á undan.
3. Fram fara umræður um verkefnið Hverfið mitt og tímasetningar varðandi verkefnið
4. Lögð fram svohljóðandi ályktun hverfisráðs Vesturbæjar um Hringbraut.

Hverfisráð Vesturbæjar tekur undir þau sjónarmið sem íbúar hverfisins hafa látið í ljós síðustu daga á samfélagsmiðlum og á íbúafundi Borgarstjóra á dögnum að hröð og mikil umferð um Hringbraut sé ógn við lífsgæði í hverfinu og skeri hverfið sundur. Brýnt er að auka öryggi á Hringbraut og minnka áhrif umferðarinnar í næsta nágrenni. Að lágmarki ber að framfylgja þeim hraðatakörkunum sem nú gilda á götunni. Skorað er á Borgarstjórn að grípa til aðgerða.

Samþykkt.

5. Lögð fram svohljóðandi ályktun hverfisráðs Vesturbæjar um umferð í gamla Vesturbæ.

Hverfisráð Vesturbæjar skorar á Borgarstjórn að skoðað verði í samvinnu við íbúa hvort breyta megi Gamla Vesturbænum sem afmarkast af Hringbraut, Suðurgötu, Mýrargötu og Ánanaustum í vistgötuhverfi þar sem hraði takmarkist við 15 km/klst. Einnig að kannaður verði hugur íbúa til aukinnar stýringar á bílastæðum vestan Ægisgötu með gjaldtöku.

Frestað.

Fundi slitið kl. 19.55

Sverrir Bollason

Teitur Atlason
Eldar Ástþórsson

Marta Guðjónsdóttir
Börkur Gunnarsson